



Kröftugur hagvöxtur á fyrri árshelmingi

Hagvöxtur mældist 7,2% á öðrum ársfjórðungi borið saman við sama tímabil í fyrra. Þessi vöxtur kemur í kjölfar 5,6% vaxtar á fyrsta ársfjórðungi. Vöxturinn á öðrum fjórðungi var fyrst og fremst drifinn áfram af einkaneyslu og fjárfestingu.

Á fyrri árshelmingi mældist 6,4% hagvöxtur en til samanburðar nam hagvöxtur allt árið í fyrra 4%. Hagvöxtur á fyrri árshelmingi var borinn af einkaneyslu, fjárfestingu og útflutningi.

Hægir á vexti einkaneyslu

Vöxtur einkaneyslu á yfirstandandi hagvaxtarskeiði náði hámarki í 9,8% á öðrum fjórðungi síðasta árs. Stöðugt hefur dregið úr vextinum frá þeim tíma og nam hann 5,1% á öðrum ársfjórðungi. Eitt af athyglisverðum einkennum núverandi uppsveiflu er að vöxtur einkaneyslu hefur verið minni en vöxtur kaupmáttar yfir nær allt tímabilið. Það er fyrst nú á síðustu ársfjórðungum sem vöxtur einkaneyslu hefur reynst meiri en aukning kaupmáttar launa.


Mikill kraftur í íbúðafjárfestingu

Heildarfjárfesting jókst um 7,6% á fyrri hluta ársins og var borin af aukinni atvinnuvega- og íbúðafjárfestingu. Atvinnuvegafjárfesting jókst um 5,6% en íbúðafjárfesting um 24,2% en mjög mikill vöxtur hefur verið í íbúðafjárfestingu á síðustu misserum.


Opinber fjárfesting var hins vegar nánast óbreytt milli ára en vöxturinn var 0,2% á fyrri árshelmingi. Lítill vöxtur á fyrri árshelmingi skýrist að mestu leyti af 4,5% samdrætti í opinberri fjárfestingu á fyrsta ársfjórðungi en vöxturinn nam 4,4% á öðrum ársfjórðungi. Vöxturinn á fyrri árshelmingi er lítill miðað við vöxtinn allt árið í fyrra sem nam 26,9%.

Fjárfesting í skipum og flugvélum er töluvert sveiflukennnd og hefur oft töluverð áhrif á breytingu í atvinnuvegafjárfestingu milli tímabila.


Atvinnuvegafjárfesting jókst um 5,5% milli ára. Sé litið framhjá fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst atvinnuvegafjárfesting um 6% og má af því ráða að fjárfesting í skipum og flugvélum hafi dregist saman milli ára.



Vöxtur frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Vöxtur frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Vöxtur frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands




Mikla sveiflur í vexti vöruútflutnings

Útflutningur jókst um 4,5% á fyrri árs helmingi sem er nokkuð minni vöxtur en á sama tímabili í fyrra þegar hann nam 7,5%. Vöxtur vöruútflutnings nam 6,1% á fyrri árs helmingi en vöxtur þjónustuútflutnings nam 3,1%. Vöxtur vöruútflutnings var þó mjög breytilegur milli fyrsta og annars ársfjórðungs á þessu ári. Þannig nam vöxturinn 15,3% á fyrsta fjórðungi en hann var neikvæður um 1,4% á öðrum fjórðungi. Mikinn vöxt á fyrsta fjórðungi má skýra að mestu leyti með grunnáhrifum en fyrsti ársfjórðungur í fyrra litaðist af sjómannaverkfalli og því jukust veiðar og útflutningur sjávarafurða nú á fyrsta ársfjórðungi mikið frá sama tíma í fyrra. Vöxtur þjónustuútflutnings nam 2,7% á öðrum fjórðungi borið saman við 3,8% á þeim fyrsta. Hægt hefur töluvert á vexti ferðaþjónustunnar miðað við árið 2017 en til samanburðar nam vöxtur þjónustuútflutnings 18,8% á fyrsta ársfjórðungi í fyrra og 9,7% á öðrum ársfjórðungi í fyrra.


Meiri vöxtur en spáð yfir árið í heild

Hagvöxturinn á fyrri árs helmingi er nokkuð meiri en opinberir spáaðilar hafa spáð að verði fyrir árið í heild. Spár liggja á bilinu 2,6-4,1% og er Landsbankinn með hæstu spána. Mjög líklegt er að hægja muni á hagvexti á þriðja og fjórða ársfjórðungi og að vöxturinn yfir árið í heild verði töluvert minni en 6,4%. Spáaðilar eru sammála um að hægja muni nokkuð á hagkerfinu á næstu árum en til samanburðar var 4% hagvöxtur í fyrra en 7,4% hagvöxtur árið 2017.

Vöxtur útflutnings



Spár um hagvöxt 2018





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.